

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

a. Fyrirsögn ákvæðisins verður: *Upplýsingar við markaðssetningu matvæla.*

b. Við ákvæðið bætast við tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ef um er að ræða forpökkuð matvæli er heimilt að lögboðnar upplýsingar komi fram með eftirfarandi hætti:

a) Beint á umbúðum,

b) á merkimiða sem festur er á umbúðirnar eða

c) með tæknilausnum sem tryggja að lögboðnar matvælaupplýsingar séu tiltækar og auðveldlega aðgengilegar.

Við framsetningu upplýsinga samkvæmt c-lið er skylt að tryggja sömu neytendavernd m.t.t. merkinga matvæla og ef lögboðnar upplýsingar komi fram á forpökkuðum matvælum beint á umbúðum eða á merkimiða sem festur er á umbúðirnar. Með tæknilausnum er átt við að vöruupplýsingar forpakkaðra matvæla séu aðgengilegar með strikamerki eða QR kóða sem unnt er að lesa af með smáforriti. Við sölu forpakkaðra matvæla á markaði, sem merkt eru með þeim hætti sem getið er í c-lið, er skylt að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur tækjabúnaður sem neytendur hafa aðgengi að á hverjum sölustað í því skyni að nálgast lögboðnar upplýsingar matvæla.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. og 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx.yy 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2021
Tilvísun: 2021030310

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að (3.) breytingu reglugerðar nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Með ákvæðinu er verið að heimila matvælafrirtækjum að lögboðnar matvælaupplýsingar, sbr. 9. og 10. gr. reglugerðar Evrópusambandsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, með síðari breytingum, þ.m.t. upplýsingum sem varða öryggi matvæla, verði **eingöngu** miðlað til neytenda með strikamerki eða svokölluðum QR-kóða.

Reglugerð nr. 1294/2014 innleiðir hér á landi reglugerð ESB nr. 1169/2011. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ESB nr. 1169/2011 segir: „*Ef um er að ræða forpökkuð matvæli skulu lögboðnar matvælaupplýsingar koma fram beint á umbúðunum eða á merkimiða sem er festur við þær.*“

Í 3. mgr. sömu greinar segir: „*Til að sjá til þess að neytendur njóti góðs af öðrum aðferðum við miðlun á lögboðnum matvælaupplýsingum sem henta betur fyrir tiltekna lögboðna upplýsingar, og að því tilskildu að tryggt sé að upplýsingastigið sé það sama og með umbúðum eða merkimiðum, getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr. og með tilliti til sannana fyrir sams konar skilningi neytenda og víðtækri notkun neytenda á þessum aðferðum, komið á viðmiðunum sem fara skal eftir ef gefa á upp tiltekna lögboðna upplýsingar með öðrum aðferðum en á umbúðum eða merkimiðum.*“

Í 4. mgr. sömu greinar segir: „*Til að tryggja samræmda framkvæmd 3. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir sem fjalla um fyrirkomulagið á beitingu þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í 3. mgr. til að gefa upp tiltekna lögboðna upplýsingar með öðrum aðferðum en á umbúðum eða merkimiðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.*“

Ljóst er samkvæmt ofangreindu að ekki er heimilt skv. reglugerð ESB nr. 1169/2011 að **allar** lögboðnar matvælaupplýsingar, sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, komi fram með öðrum hætti en beint á umbúðum eða á merkimiða sem festur er við þær. Þá gerir reglugerð ESB ráð fyrir að fram fari lög bundið ferli innan Evrópusambandsins og þar með samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 48. gr. reglugerðarinnar, ef heimila á miðlun **tiltekinnna** lögboðinna matvælaupplýsinga með öðrum hætti en beint á umbúðum eða á merkimiða sem festur er við þær. Samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur þetta ferli ekki farið fram og er því einboðið, samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, að Íslandi er óheimilt að setja umrætt ákvæði inn í reglugerð nr. 1294/2014.

Bent skal á að í 44. gr. reglugerðar ESB nr. 1169/2011 er að finna heimild handa



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

aðildarríkjum að setja landsreglur um óforpökkuð matvæli. Ísland hefur nýtt sér þessa heimild og er núverandi 6. gr. reglugerðar nr. 1294/2014 afrakstur hennar. Sambærileg heimild til að setja landsbundnar ráðstafanir er ekki að finna vegna forpakkaðra matvæla.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er einnig óljóst hvernig hægt er að tryggja að lögboðnar matvælaupplýsingar fyrir öll matvæli séu tiltækar og auðveldlega aðgengilegar fyrir neytendur, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar ESB nr. 1169/2011, og þar með tryggi sömu neytendavernd eins og ef lögboðnar matvælaupplýsingar komi fram á umbúðum eða á merkimiða festum við þær, ef þeir eiga að vera ofurseldir óskilgreindum tæknilausnum. Þó gerð sé krafa um að tækjabúnaður sé til staðar á sölustað sem geti lesið strikamerki eða QR-kóða er ekki hægt að ætlast til að allir neytendur eigi tækjabúnað, s.s. snjallsíma, eða hugbúnað sem gerir þeim kleift að lesa strikamerki eða QR-kóða eða að hann virki öllum stundum þannig að lögboðnar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem varða öryggi matvæla s.s. ofnæmis- eða óþolsvalda séu tiltækar. Þó tæknilausn virki í verslun þar sem matvælin eru keypt er ekki þar með sagt að þær virki þegar heim er komið eða á öðrum stöðum þar sem matvælanna er neytt.

Þá er, að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, óljóst hvað átt er við með „vöruupplýsingum“ í hinni fyrirhugaðri breytingareglugerð. Er átt við lögboðnar matvælaupplýsingar, sbr. 9. og 10. gr. reglugerðar ESB nr. 1169/2011, eða annars konar upplýsingar?

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir jafnframt á að ef öllum lögboðnum matvælaupplýsingum er miðlað með strikamerki eða QR-kóða getur það haft neikvæð áhrif þegar innkalla þarf matvæli vegna matvælaöryggis, sbr. 8. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Dæmi: Matvæli er eingöngu merkt með strikamerki eða QR-kóða. Tæknilausn virkar ekki þegar starfsmaður í matvöruverslun er að taka vöru úr sölu vegna innköllunar. Tæknilausn virkar ekki þegar neytandi kannar hvort matvæli sem hann keypti sé vara sem verið er að innkalla.

Með hliðsjón af öllu ofangreindu leggst Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gegn fyrirhugaðri (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Jón R. Gunnarsson

heilbrigðisfulltrúi